

Nefndasvið Alþingis

Sent í tölvupósti: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. febrúar, 2024

Efni: Umsögn Samtaka þörungafélaga um tillögu til þingsályktunar um aukna verðmætasköpun við nýtingu þörunga.

Þingskjal 25 – 25. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024

Samtök þörungafélaga (www.algaeiceland.is) stuðla að þekkingarmiðlun um þörunga og sjálfbæra nýtingu þeirra og gæta hagsmuna aðila félagsins. Aðilar félagsins eru fyrirtæki og stofnanir sem stunda ræktun, sjálfbæra öflun, rannsóknir, vinnslu, vöruþróun, fræðslu, nýsköpun og/eða sölu afurða tengda þörungum á Íslandi. Samtökin voru stofnuð síðastliðið haust og telja félagar á fjórða tug tengdir smá- og stórþörungum, þvert á ræktunaraðferðir eða nýtingu. Samtök þörungafélaga eru aðilar að Evrópusamtökum þörungafélaga (EABA).

Samtökin fagna tillögu til þingsályktunar um aukna verðmætasköpun við nýtingu þörunga og vilja jafnframt bjóða þingnefnd og öðrum upp á aðstoð og samstarf varðandi upplýsingar, verkefni, og önnur málefni smá- og stórþörunganytingar hér á landi.

Virðingarfyllst,



Sigurður Pétursson

Formaður stjórnar Samtaka þörungafélaga

siggi@raekt.is

GSM 7773123